

Nd.

461. Tillaga

til þingsályktunar um framhaldsnám í gagnfræðaskólanum á Akureyri.

Flutningsmenn: Bernharð Stefánsson og Ásgeir Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að heimila að nota húsrúm og kenslukrafta gagnfræðaskólans á Akureyri, sem af kynni að ganga ef bekkjum skólans verður ekki tvískift, til að greiða götu fátækra og efnilegra nemenda úr skólanum við framhaldsnám, með því skilyrði, að sú breyting auki ekki útgjöld rikissjóðs til skólans.